

Samráðshópur um uppbyggingu miðbæjar Selfoss

2.fundur haldinn 30.nóvember 2022 í Bankanum vinnustofu

Mætt: Bragi Bjarnason, Sigurjón Vídalín og Arnar Freyr Ólafsson frá Árborg. Guðjón Arngrímsson, Sigurður Þór Sigurðsson, Leó Árnason og Vignir Guðjónsson frá Sigtúni Þróunarfélagi (SÞ). Fjóla St. Kristinsdóttir boðaði forföll.

Bragi fer yfir hvað hafa gerst milli funda. Skipulags- og bygginganefnd tók saman punkta um breytingartillöguna og fundaði með fulltrúum SÞ til að koma ábendingum á framfæri.

Farið yfir punktana frá skipulags og bygginganefnd og góð umræða um hvern þátt. Einnig farið yfir tímalínuna fram að íbúakönnun og endanlegri niðurstöðu deiliskipulagsins. Fram kom að vonir stæðu til að nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins verði samþykkt frá Skipulagsstofnun í desember. Í framhaldinu væri hægt að afgreiða aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu til auglýsingar. Allir aðilar meðvitaðir um að þetta ferli geti dregist fram yfir áramót en vilji sé til að afgreiða í desember sé það hægt.

Lagt til að SÞ komi með drög að viðauka á gildandi samningi sem taki á þeim þáttum sem koma fram í breytingartillögunni.

Sveitarfélagið vinnur áfram að útfærslu á rafrænni íbúakönnun og kynnir betur á næsta fundi.

Fleira ekki rætt og ákveðið að næsti fundur verði mið. 14.des kl. 14:00